

**BHM-1 Sviðsstjóri 2 – velferð/menntamál (838 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga, Proskahjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér yfirumsjón með sviði og yfirgripsmikla ábyrgð á fjármunum, mikil mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu og stefnumótun umfangsmikillar velferðarþjónustu sveitarfélags.

**BHM-10 Deildarstjóri 1 – í félagsþjónustu, skólalþjónustu, málefnum aldraðra, fatlaðra eða barnavernd (803 stig)**

**Fræðagarður, Proskahjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsmenntun á háskólastigi auk viðamikillar stjórnunarreynslu og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér stjórnun deildar/málaflokks og felur það í sér mannaforráð, ábyrgð á fjármunum og þjónustu sveitarfélags. Starfið felur í sér mjög mikil bein áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa innan sveitarfélags og aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-17 Yfirsálfræðingur (741 stig)**

**Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi og hafi víðtæka þekkingu og reynslu á sviði klínískrar sálfræði, auk viðamikillar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum í sálfræðiþjónustu, mannaforráð og einhverja ábyrgð á fjármunum. Starfið felur í sér mjög mikla beina ábyrgð á vellíðan og velferð einstaklinga og/eða hópa, vegna þeirra þjónustu sem veitt er. Starfið felur í sér víðtækt vald til ákvarðanatöku en heyrir undir yfirstjórn sviðs og aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-21 Forstöðumaður 1 í búsetu- eða dagþjónustu (730 stig)**

**Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður, Iðjuhjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands og Félagsráðgjafafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða víðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með búsetu- eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks vegna þeirrar þjónustu sem veit er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-22 Forstöðumaður 2 í búsetuþjónustu (756 stig)**

**Fræðagarður, Iðjuhjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða víðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með tveimur eða fleiri starfseiningum í búsetu- og/eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mikil mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð einstaklinga vegna þeirrar þjónustu sem veitt er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-24 Yfirsálfræðingur 1 (696 stig)**

**Sálfræðingafélag Íslands**

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsmenntun í sálfræði og réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi auk umfangsmikillar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast sálfræðilegri ráðgjöf, flóknum greiningum og handleiðslu til barna í skólum og/eða leikskólum og forráðamanna þeirra. Starfsmaður ber ábyrgð á að greina og meta þjónustuhörf og veita ráðgjöf um viðeigandi þjónustu. Starfið getur falið í sér teymis- og/eða málstjórnun þar sem starfsmaður leiðir og stýrir vinnu annarra. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-25 Sálfræðingur í barnavernd (685 stig)**

**Sálfræðingafélag Íslands**

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi lokið framhaldsmenntun í sálfræði og hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi. Starfið felur í sér faglega ábyrgð á verkefnum sem tengjast greiningum, ráðgjöf og/eða meðferð í barnaverndarmálum. Starfsmaður ber ábyrgð á að greina og meta þjónustuhörf og veita ráðgjöf um viðeigandi þjónustu. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-60 Sálfræðingur 2 (649 stig)**

**Sálfræðingafélag Íslands**

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi. Starfið felur í sér vinnu með börnum/nemendum með margþætt vandamál og starfsmaður vinnur að lausnum vegna flókinnna mála og aðstæðna sem nemendur búa við. Starfinu fylgir mikil ábyrgð á velferð fólks, ásamt upplýsingum, mælitækjum og prófum sem notuð eru í starfi. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.*

**BHM-93 Sálfræðingur 4 (696 stig)**

**Sálfræðingafélag Íslands**

*Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsleyfi sem sálfræðingur frá Embætti landlæknis auk víðtækrar reynslu af stjórnun (verkefnastjórnun). Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast flóknum greiningum og sálfræðilegri ráðgjöf, til barna og forráðamanna þeirra. Starfsmaður ber ábyrgð á að greina og meta þjónustuhörf og veita ráðgjöf um viðeigandi þjónustu. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins. Starfið getur falið í sér teymisstjórnun þar sem starfsmaður leiðir og stýrir vinnu annarra. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag. Hér er einnig átt við einyrkja, þ.e. einu stöðu sálfræðings í sveitarfélagi.*